



ÚTTEKT Á ÁSTANDI STÍGS

LAUGAVEGUR INNAN FRÍÐLANDS AÐ FJALLABAKI



VERKNÚMÉR: 14162-001	DREIFING:
SKÝRSLA NR: 01A	<input checked="" type="checkbox"/> Opin
DAGS: 2014-09-12	<input type="checkbox"/> Lokuð til
BLAÐSÍÐUR: ...	<input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
UPPLAG: ...	

HEITI SKÝRSLU:

Úttekt á ástandi stígs – Laugavegur innan friðlands að Fjallabaki.

HÖFUNDAR:

Áki Thoroddsen, Kristveig Sigurðardóttir og Þorgeir S. Helgason

VERKEFNISSTJÓRI:

Kristveig Sigurðardóttir

ÁBYRGÐARMAÐUR:

Arnór Sigfússon

UNNIÐ FYRIR:

Umhverfisstofnun

UMSJÓN:

Kristján Valtýsson

SAMSTARFSADILAR:

Ingibjörg Eiríksdóttir, Umhverfisstofnun

GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG:

Lokaskýrsla til birtingar

ÚTDRÁTTUR:

Að beiðni Umhverfisstofnunar hefur Verkís hf tekið saman skýrslu um úttekt á ástandi gönguleiðarinnar Laugavegsins frá Landmannalaugum suður að mörkum friðlands að Fjallabaki sunnan við Hrafninnusker (Háskerðing). Verkefnið fólst í greiningu á ástandi stígs, hvornig best er að lagfæra það sem aflaga hefur farið, efnisval og forgangsröðun aðgerða.

Ástandið er verst frá Landmannalaugum og upp fyrir Brennisteinsöldu. Viðkvæmt gróðurlendi við stíginn er farið að láta verulega á sjá vegna átroðnings, einkum í Laugahrauni. Átroðningurinn er m.a. tilkominn vegna þess að stígurinn er víða mjór og fólk fer út af honum til að mætast. Einnig fer fólk út af stígnum vegna útsýnisstaða eða náttúrufyrirbrigða. Á kaflanum frá Laugahrauni og upp fyrir Brennisteinsöldu er einnig átroðningur út fyrir stíga en á þeim kafla eru líka vatnsrofsvandamál á nokkrum stöðum. Á stöku stað er leirblandað efni í stígnum sem veðst út í bleytu.

Helstu aðgerðum má skipta upp í tvennt, annars vegar aðgerðir sem eiga við um nánast alla leiðina, hins vegar staðbundnar aðgerðir. Það sem þyrfti að lagfæra kerfisbundið alla leiðina er að þétta stikur og setja upp skýr skilti bæði við útdúra og við stígamót. Til viðbótar við þetta þarf að auka fræðslu og einnig mætti setja einstefnu á Laugavegin sem hefur jákvæð áhrif bæði á umhverfið og upplifun ferðamanna.

Viðgerðir á stíg geta falist í því að afmarka aðalstíg betur og loka villustígum, setja steinþrep í brekkur, útbúa vatnsrásir þvert á stíg þar sem vatnsrof er, færa stíg og bera samlita mól í stíg þar sem leirkennt efni er í honum.

ABSTRACT

At the request of Umhverfisstofnun (Environment Agency of Iceland, UST), Verkis Ltd has compiled a report on analysis of the condition of the main hiking trail from Landmannalaugar to the border of the Fjallabak nature reserve, south of Hrafninnusker. This includes assessment of the nature of the problems, suggestions for improvements, exploration of possible maintenance materials in the vicinity of the trail and prioritization of action.

The condition of the trail is unacceptable from Landmannalaugar to Brennisteinsalda. The sensitive vegetation in the area is degrading because of trampling, especially in Laugahraun. The reasons for trampling are many, e.g. the fact that the path is narrow and people step outside the main path to meet people coming from the opposite direction. Another reason for trampling outside the main path are viewpoints or natural phenomena. From Laugahraun to Brennisteinsalda trampling is a problem in some sections and in others there are serious drainage problems. In a few places there is clay in the path surface and this can be a problem, especially in wet conditions.

The main solutions can be divided into two; features common along practically the whole trail, and local solutions. Stakes and signs need to be installed or replaced, that applies for the whole trail. Additionally, the guests need to be informed about the fragile nature and conditions in the area. Also one-way traffic could be considered as that might have a positive impact, on both the nature, and tourist experience.

Physical solutions for the trail can include defining the main path more clearly, install stone steps in steep hills, installing water channels on the path where there are drainage problems, relocate the path or put gravel in the path where there is clay in it.

LYKILORÐ ÍSLENSK:

Laugavegur
Friðland að Fjallabaki
Göngustígur
Ástandsmat

LYKILORÐ ENSK:

Laugavegur
Fjallabak Nature Reserve
Hiking trail
Condition analysis

UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA:

Kristveig Sigurðardóttir

YFIRFARIÐ AF:

Sólveig Kristín Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
1.1	Almennt	5
1.2	Aðdragandi	6
2	Aðferðafræði	7
2.1	Forsendur úttektar	7
2.2	Skráning í vettvangsferð	7
2.3	Úrvinnsla og framsetning gátlista	8
3	Ástand og tillögur um úrbætur	10
3.1	Almennt	10
3.2	Vettvangsferð 12. – 13. ágúst 2014.....	10
3.3	Stýring, merkingar og fræðsla	10
3.4	Kaflaskipting stígsins	11
3.5	Kaflí 1 - Laugahraun (75-66)	12
3.6	Laugahraun –Brennisteinsalda (66-38).....	15
3.7	Brennisteinsalda – Stórhver (38-23)	21
3.8	Stórhver – Hrafninnusker (23-19).....	25
3.9	Hrafninnusker – mörk friðlands (19-14)	27
	Heimildir	32

VIÐAUKAR

Viðauki 1 – Úttekt á Laugaveginum í friðlandi að Fjallabaki

Viðauki 2 – Kort

1 Inngangur

1.1 Almennt

Markmið þessarar skýrslu er að gera grein fyrir úttekt sem var gerð dagana 12. og 13. ágúst 2014 á ástandi á hluta „Laugavegsins“, en Laugavegurinn er gönguleið úr Landmannalaugum í Þórsmörk. Í vettvangsferðina fóru Áki Thoroddsen og Kristveig Sigurðardóttir frá Verkís og Ingibjörg Eiríksdóttir frá Umhverfisstofnun. Úttektin var gerð á þeim hluta gönguleiðarinnar sem er innan friðlands að Fjallabaki, frá Landmannalaugum að mörkum friðlandsins sunnan Hrafninnuskers.

Um afmörkun friðlandsins og reglur má lesa í auglýsingu um friðland að Fjallabaki (Stjórnartíðindi 1979; uppfærð), en þar kemur m.a. fram að „gangandi fólki er heimil för um friðlandið, enda fylgi það merktum stígum í Landmannalaugum og annarstaðar þar sem það á við“; og að „mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á friðlandinu er háð samþykki Umhverfisstofnunar“.

Um Laugavegin og umhverfi hans má lesa víða í heimildum (Ferðafélag Íslands 2014; Umhverfisstofnun 2014b). Myndin hér fyrir aftan sýnir leiðina milli Landmannalauga og Hrafninnuskers.



Mynd 1.1: Yfirlit yfir norðurhluta Laugavegsins, innan friðlandsins (Ferðafélag Íslands 2014).


1.2 Aðdragandi

„Umhverfisstofnun gefur árlega út skýrslu um ástand friðlýstra svæða á Íslandi. Á tveggja ára fresti er svo gefinn út svokallaður „rauður listi“ sem byggður er á ástandsskýrslunni. Eitt af markmiðum rauða listans er að forgangsraða kröftum og fjármunum til verndunar.“ (Umhverfisstofnun 2014a). Í sömu heimild segir líka: „Viðkvæmasta svæðið innan friðlandsins er að öllum líkindum Landmannalaugar og er það mest farið að láta á sjá. Jafnframt er fjöldi ferðamanna á svæðinu helsta umkvörtunarefni þeirra ferðamanna sem þangað koma. Gönguleiðin Laugavegur[inn] er einnig víða illa farin vegna mikils ágangs.“

Ólafur A Jónsson sviðsstjóri náttúrusviðs og Kristinn Valtýsson sérfræðingur á þjónustusviði f.h. Umhverfisstofnunar sömdu í júní 2014 við Arnór Þóri Sigfússon vistfræðing og Kristveigu Sigurðardóttur skipulagsverkfræðing f.h. Verkís hf um „mat á ástandi og tillögur að lagfæringum gönguleiðarinnar Laugavegurinn“. Úr tölvuskeyti frá Ólafi, dags. 12. júní 2014:

„...að ... framkvæma úttekt á ástandi gönguleiðarinnar Laugavegarins, frá Landmannalaugum suður að mörkum friðlandsins, rétt sunnan við Hrafninnusker (Háskerðing). Vandamálið er augljóst og bendi ég á meðf. grein eftir Rannveigu Ólafsdóttur ... [og Micael C. Runnström 2013; innskot höf.] ... um ástand gönguleiða á svæðinu. Ljóst er að fara þarf í aðgerðir til að snúa þessari þróun við. Það sem Umhverfisstofnun þarf er greiningu á vandamálinu, þ.e. hvers eðlis það er og hvernig best er að lagfæra það sem aflaga hefur farið. [...] Best er að skipta þessu niður miðað við einstök vandamál á gönguleiðinni. Ég sé fyrir mér feltferð þar sem teknar yrðu ljósmyndir af vandamálunum og þau greind á staðnum. ...“

Í umræddri grein Rannveigar og Micaels (2013) kemur fram að ástandið á Laugaveginum sé verst á kaflanum frá Landmannalaugum og upp fyrir Brennisteinsöldu. Aðferðafræðin í rannsókn Rannveigar og Micaels er að nokkru leyti frábrugðin þeirri sem hér er notuð en þau gerðu mjög nákvæmar mælingar og athuganir kerfisbundið á 100 m fresti alla leiðina. Aðferðafræði þeirrar athugunar sem var gerð í þessu verkefni er lýst í kaflanum hér fyrir aftan.



Mynd 1.2: Úttekt Rannveigar og Micaels á stígum á Fjallabaki (Rannveig Ólafsdóttir, Micael Runnström, 2013)

2 Aðferðafræði

2.1 Forsendur úttektar

Mikilvægt er að til sé stefna um það fyrir hvaða hópa stígurinn er ætlaður. Er hann t.d. ætlaður reiðhjólafólki? Er hann ætlaður illa gangfærum? Eða er hann einungis ætlaður þökkalega hraustu göngufólki? Í auglýsingu um friðland að Fjallabaki er fjallað um reglur fyrir gangandi fólk, fyrir för á hestum og umferð vélknúinna ökutækja en ekki eru skilgreindar reglur fyrir ferðir á reiðhjólum og ekki er í auglýsingunni gert ráð fyrir aðgengi fyrir alla á þessari leið. Í þessari skýrslu er því gert ráð fyrir að stígurinn miðist við gangandi þökkalega hraust fólk.

Það er ekki hluti þessa verkefnis að hanna eða setja fram nákvæmar útfærslur á viðgerðum. Því eru ekki lagðar fram hönnunarteikningar heldur vísað á aðferðalýsingar Umhverfisstofnunar (2014c), hönnunarreglur skosku umhverfisstofnunarinnar (Scottish Natural Heritage 2014) og íslenska reynslu af notkun þeirra, sjá t.d. námsefni úr námskeiðinu „Gönguferðir, leiðsögn og stígagerð“ (Háskólinn á Hólum 2014). Auk þess má t.d. hafa hliðsjón af stígahandbók austurrísku og þýsku alpasamtakanna (Deutscher & Oesterreichischer Alpenverein 2011).

2.2 Skráning í vettvangsferð

Skráning í vettvangsferð byggðist á nokkrum þáttum:

1. Skráning á helstu helstu þáttum sem hafa áhrif á ástand stígs. Hér var notaður lítillaga aðlagður gátlisti úr leiðbeiningum skosku umhverfisstofnunarinnar (Scottish Natural Heritage 2014). Miðað var við miðlungsnákvæma úttekt (Amber survey) en einnig er til nákvæmari úttekt (Red survey) og mun grófari úttekt (Green survey).
2. Mat lagt á heppilegar aðgerðir og þeim forgangsraðað gróflega.
3. Skoðun á efni í næsta nágrenni vandamáls.
4. GPS skráning á krítískum stöðum.
5. Gróf magntaka (fyrst og fremst lengdarmæling) á krítískum köflum.
6. Myndataka með GPS hnitum.

Hér má sjá gátlistann sem unnið var eftir í vettvangsferðinni:

	Kaflabútur	
Lýsing	Upphafsstöð	
	Ástæða breytinga	
	Hnit	
	H.y.s.	
	Slitlagsgerð	
	Gróðurþekja	
Mælingar	Fjöldi stíga	
	Breidd aðalstígs	
	Heildarbreidd	
	Dýpt m.v. umhv.	
	Langhalli	
	Þverhalli	
Ástandsmat	Erfiðleikastuðull	
	Framræsing	
	Rof	
	Hraði breytinga	
	Heildarástand	
Aðgerðir	Forgangsröðun	
	Hvaða aðgerðir	
	Efnisgerð(ir)	
	Efnistökuástand(ir)	
	Kostnaður per m	
	Sérstakur kostn.	
	Athugasemdir	
Ljósmyndir		

2.3 Úrvinnsla og framsetning gátlista

Niðurstöður vettvangsferðarinnar eru settar fram í töflum í viðauka 1. Hér fyrir aftan er útskýring á hverjum dálki fyrir sig í töflunni:

1. LÝSING:

- Staðsetning. Vísar til GPS númeraðs punkts eða bils milli tveggja punkta.
- Hnit. Hér er hnit GPS punkts í ISN93 gefið upp. Ef um er að ræða bil milli tveggja punkta er hnit síðari punktsins gefið upp.
- Lengd kafla. Gefin upp í metrum.
- Landhæð. Gefin upp í metrum yfir sjó m.v. skráningu úr GPS tæki.
- Slitlagsgerð. Hér er að hluta til stuðst við flokkun SNH-UPM (Scotland Natural Heritage – Upland Path Management):

Slitlag skv. SNH-UPM		
GRODUR	gróður	
MOLD	mold	
LEIR/SILT	leir eða silt	
SA/MÖ (<45mm)	sandur og mól	
grMÖ & ST	steinar	
MOR	mór	
STEINEFNI	unnið efni	
KLÖPP	berg	
ANNAD	annað	

- Gróðurþekja. Hér er að hluta til stuðst við flokkun RALA (Rannsóknarstofnun landbúnaðarins).

GRÓÐURÞEKJA SKV. RALA		
MERKI	GRÓÐURSV	GRÓÐUR
VL	VOTLENDI	
FL		FLÓI
MÝ		MÝRI
JA		JADAR
ÞL	ÞURRLENDI	
MP		MOSAPEMBA
KV		KVISTLENDI
SM		SEF- OG STARMÓAR
GR		GRASLENDI
BL		BLÓMLENDI
SK		SKÓGUR OG KJARR
RS		RÆKTAÐUR SKÓGUR
RL		RÆKTAÐ LAND
GL	GRÓÐURLÍTIÐ LAND (<1/3 GRÓINN)	
SA, VI		SANDUR, VIKRAR
SH, FS		SANDHÓLAR, FOKSANDUR
ME, AU, LE		MELAR, AURAR, LEIR
ST, KL		STÓRGRÝTT, KLÖPP
HR		HRAUN

2. HELSTU STÆRÐIR:

- Fjöldi stíga. Hér er átt við algengan fjölda samsíða stíga á kaflabútnum.
- Breidd aðalstígs. Gefin upp í metrum.
- Heildarbreidd. Hér er átt við breidd svæðis í metrum sem er átroðið að meðtöldu óátroðnu svæði milli stíga ef það er til staðar. Ef þessi breidd er sú sama og breidd aðalstígs er ekki um að ræða átroðning út fyrir stíginn.
- Dýpt m.v. umhverfi. Mat á því hve niðurgrafinn stígurinn er, annað hvort gefið upp í metrum eða með lýsingu.

- e. Langhalli. Mat á langhalla stígs; lítill, nokkur, mikill. Á myndinni hér fyrir aftan sést dæmi um nokkurn langhalla fyrst, þá lítinn og síðan mikinn.



- f. Þverhalli. Mat á þverhalla stígs; lítill, nokkur, mikill. Mynd 3.15 sýnir dæmi um mikinn þverhalla á stíg.

3. ÁSTANDSMAT:

- Erfiðleikastuðull. Gefin er einkunn frá 1 upp í 5. Einkunnin 1 gefur til kynna að um mjög erfiða leið sé að ræða, þannig að nota verði hendur til að styðja sig. Einkunnin 5 gefur til kynna að leiðin sé mjög auðveld yfirferðar og að hægt sé að ganga og njóta umhverfisins án þess að þurfa að horfa niður fyrir sig.
- Framræsla/Rof. Með framræslu er átt við hvort líklegt sé að pollar standi á stígnum eða hvort svæðið nær að ræsa fram vatn. Með rofi er átt við hvort vatn hafi rofið stíg. Gefið er upp hvort rof sé þvert á stíg eða eftir stíg.
- Líklegur hraði breytinga. Snúið getur reynst að meta hraða breytinga þegar ekki liggur fyrir fyrra ástandsmat til viðmiðunar. Hér er þó gerð tilraun til að meta þetta út frá aðstæðum og ástæðu slæms ástands.
- Ástandsmat – samantekt. Hér er tekið saman ástand og einkum bent á veikleika. Í línunni fyrir hvern kafla eru auk þess feitletruð helstu atriði sem hafa áhrif á slæmt ástand, t.d. slitlagsefni, fjöldi stíga, langhalli eða rof.

4. AÐGERÐIR:

- Forgangur. Gefin er einkunn frá 1 upp í 5. Einkunnin 1 gefur til kynna að ástand sé slæmt og aðgerða sé þörf strax. Einkunnin 5 gefur til kynna að aðgerða sé ekki þörf.
- Aðgerðir. Stutt lýsing á því hvað mætti helst hugsa sér að gera til að bæta ástand stígarins. Fyrir hvern kafla er farið yfir þær aðgerðir sem eiga við en þó er ekki minnst á almennar aðgerðir sem eiga við leiðina meira og minna alla, t.d. þéttari stikun og betri skiltamerkingar.
- Efnisgerð, efnistaka. Gerð er stuttlega grein fyrir efni sem þarf til aðgerða og hvaðan mætti nálgast það. Þetta er gert fyrir kaflabúta sem eru í forgangi 1, 2 eða 3. Í öllum tilvikum er það metið sem svo að hægt sé að vinna að lagfæringum með efni úr nágrenninu, ef frá er talið efni í stikur, skilti og bönd. Á einum stað er sett fram hugmynd um flutning efnis lengra að en hægt er að leysa málið á staðnum ef vilji er fyrir því.

Í vettvangsferðinni voru ekki gerðar nákvæmar mælingar á hverjum einasta stað. Úrvinnsla gagna er því í einhverjum tilvikum gróft mat í stað mælinga á staðnum. Í þeim tilvikum þar sem mæling hefur ekki þýðingu fyrir vandamálið eru ekki allir reitir fylltir út.

3 Ástand og tillögur um úrbætur

3.1 Almenn

Í kaflanum er fjallað um ástand Laugavegsins í friðlandi að Fjallabaki í máli og myndum.

3.2 Vettvangsferð 12. – 13. ágúst 2014

Í vettvangsferð var aðalleiðin frá Landmannalaugum og suður fyrir Hrafninnusker, að mörkum friðlandsins gengin. Í ferðinni var ástand stígsins tekið út og það skrásett í hnitum. Lagt var mat á það hver ástæðan er fyrir slæmu ástandi, t.d. fjöldi göngufólks, vatn, landslag eða merkingar, og leitað leiða til að leysa vandann til frambúðar. Skoðaðir voru mögulegir efnistökuastaðir í nágrenni við slæma kafla.

Í viðauka 1 er tafla sem lýsir ástandi stígsins. Stígurinn sem tekinn var út er síðan sýndur á yfirlitskorti í viðauka 2. Í viðauka 2 eru einnig kort sem sýna ástand stígsins kafla fyrir kafla í samræmi við töfluna í viðauka 1. Við kortagerð er notaður TK-50 grunnur frá loftmyndum og IS50V grunnur frá Landmælingum(LMÍ). Hnitakerfið er ISN93. Gerð er grein fyrir hæðarlegu stígsins í töflu í viðauka 1.

3.3 Stýring, merkingar og fræðsla

Nokkur atriði voru gegnumgangandi og því er ekki gerð grein fyrir þeim í töflunni fyrir hvern kaflabút heldur eru þau sett fram hér og eiga meira eða minna við um alla leiðina. Þessi atriði snúa ekki beint að stígnum sjálfum heldur stýringu gesta, merkingum og fræðslu. Þessi atriði eru afar mikilvæg og með því að bæta þau má í einhverjum tilvikum komast hjá gríðarlegum umhverfisskemmdum og kostnaði vegna viðgerða. Oftast er best að þessar aðgerðir séu gerðar samhliða staðbundnum viðgerðum á stíg.

1. **Þéttleiki stika.** Stikun er ábótavant á stígnum. Þetta á almennt við alla leiðina, þó síst á svæðinu næst Landmannalaugum. Í dag eru stikurnar víða mjög strjálar og margar þeirra alveg litlausar og falla því inn í umhverfið. Stikurnar þurfa að vera mun þéttari og þeim þarf að halda við.
2. **Gerð stika og undirstöður.** Flestar stikur á leiðinni eru úr tré en nokkrar plaststikur (vegagerðarstikur) hafa einnig verið settar upp. Þessar stikur stinga mjög í stúf í umhverfinu. Á svæðum sem þessum er alltaf hætt á að stikur brotni eða fjúki og plaststikur brotna mun hæggar niður í náttúrunni heldur en tréstikur. Hér er mælt með því að stikur séu úr tré, málaðar í áberandi lit.



Mynd 3.1: Vegagerðarstikur úr plasti og grjótkúluundirstöður (Mynd 3436).

Undirstöður plaststikanna eru grjótkúlur (stálnet fyllt með grjóti). Kúlurnar eru lýti og skoða mætti möguleikann á að grafa þær örlítið niður til að gera þær minna áberandi. Einnig

þyrfti að kanna möguleikana á öðrum lausnum til að festa stikur í erfiðu landslagi, t.d. með borun og með því að reka niður stáltein. Tréstiku mætti síðan annað hvort smeygja utan um stálteininn eða festa utan á hann. Með því móti ætti að vera auðveldara að sinna viðhaldi á stikum og skipta þeim út.

3. **Skilti.** Á leiðinni eru ekki mörg skilti og þau sem eru til staðar eru oft mjög lítið upplýsandi, t.d. skiltið sem á stendur „Skalli“ og ekkert annað eða vegagerðarstikan sem á stendur Hrafninnusker, sjá mynd 3.1. Á Úr þessu þarf að bæta og það er brýnasta verkefnið á svæðinu. Skýr skilti þurfa að vera á öllum helstu „stígamótum“, t.d. þar sem um er að ræða útúrdúra frá aðalleiðinni t.d. við Stórahver, Brennisteinsöldu eða upp á ýmsar útsýnishæðir. Einnig þurfa að vera skýr skilti þar sem leiðir mætast, t.d. Laugavegurinn og leiðin í Landmannahelli. Á þeim skiltum þarf að skrifa skýrt hvaða leið sé „Laugavegurinn“, hvaða skáli sé næstur ásamt skálatákni og fjarlægðir í skálann.

Til viðbótar við upplýsingaskilti/vegpresta mætti koma fyrir fræðsluskiltum á stöku stað, einkum í nágrenni við Landmannalaugar.

4. **Einstefna.** Átroðningur út fyrir stíga er í mörgum tilvikum til kominn vegna þess að fólk er að mætast á mjóum stígum. Koma mætti í veg fyrir mikinn átroðning af þessu tagi með því að hafa einstefnu á Laugaveginum. Eðlilegast væri að einstefnan væri frá Landmannalaugum niður í Þórsmörk, enda ganga mun fleiri gestir þá leið en frá Þórsmörk og upp í Landmannalaugar. Fyrir þá gesti sem eru eingöngu komnir til að skoða umhverfi Landmannalauga væri auðvelt að mæla með hring sem hæfist á Laugaveginum og færi yfir Laugahraun að hverasvæðinu og síðan til baka í Landmannalaugar um Grænagil. Ef mikil eftirspurn er eftir enn styttri göngum mætti gera ráð fyrir tvístefnu upp á útsýnishæð á hraunbrúninni fyrir ofan Landmannalaugar.

Algengt er erlendis að vera með einstefnu á vinsælum gönguleiðum, t.d. Milford track í Nýja Sjálandi. Það verður, sem fyrr segir, til þess að átroðningur út fyrir stíga til að mætast hverfur, en það er ekki síður gert vegna félagslega þáttarins. Fólk sem gengur þessar leiðir er oftast að sækja í einsemd og kyrrð og með því að koma í veg fyrir að fólk mætist verður upplifunin sú að færri fólk sé á svæðinu heldur en raunin er.

5. **Takmarkaður gestafjöldi.** Ef aðgerðirnar sem lagðar eru til í þessari skýrslu nægja ekki til að vernda umhverfi Laugavegarins og tryggja jákvæða upplifun gesta gæti þurft að grípa til þess ráðs að takmarka gestafjölda. Það er t.d. hægt að gera með því að leyfa aðeins gistingu í skálum.
6. **Viðkvæm gróðurþekja.** Fræða þarf ferðafólk um þá viðkvæmu gróðurþekju sem stígurinn liggur um, einkum á neðsta hluta leiðarinnar.
7. **Rusl.** Rusl er ekki beinlínis hluti af þessu verkefni en mikið rusl í kringum stíginn hefur veruleg áhrif á upplifun ferðamanna og því er vert að nefna það örstutt. Mikið er um klósettbréf meðfram allri leiðinni. Í auglýsingu um friðlandið segir: „Skyllt er öllum að ganga snyrtilega um friðlandið. Hvergi má þar fleygja rusli á víðavangi né grafa það niður, heldur skal flytja það í sorpgeymslur.“

Hér er ekki talin ástæða til að setja upp klósettaðstöðu á leiðinni. Hins vegar er mjög mikilvægt að farið verði í upplýsingaherferð varðandi rusl á hálendinu og það brýnt fyrir ferðamönnum að þeir megi ekki skilja neitt rusl eftir á leiðinni, ekki einu sinni klósettbréf. Þetta er regla í mjög mörgum þjóðgöörðum erlendis og þar er meira að segja í sumum tilvikum ætlast til þess að menn flytji með sér saur í næsta skála eða aðra losunarstaði.


3.4 Kaflaskipting stígsins

Laugaveginum frá Landmannalaugum og að mörkum friðlandsins hefur í þessu verkefni verið skipt í fimm meginkafla:

1. Laugahraun
2. Laugahraun – Brennisteinsalda
3. Brennisteinsalda – Stórhver
4. Stórhver – Hrafninnusker
5. Hrafninnusker – mörk friðlands

Kaflaskiptinguna má sjá á myndinni hér fyrir aftan en kortið má finna í fullri stærð í viðauka 2. Í næstu greinum hér fyrir aftan er farið yfir helstu einkenni þessara kafla, gefið gróft yfirlit yfir helstu

vandamál og brýnustu aðgerðir. Sem fyrr segir gefur síðan tafla í viðauka 1 mun nákvæmari upplýsingar um vandamálin og aðgerðir fyrir hvern stað.



Mynd 3.2: Yfirlitskort yfir stíginn sem er til skoðunar og kaflaskipting hans.

3.5 Kafli 1 - Laugahraun (75-66)

Almennt má segja um þennan kafla að aðalstígurinn sjálfur sé í þokkalega góðu ástandi á köflum en hann mætti þó breikka og bæta á öðrum köflum. Umhverfi stígsins er víða illa farið og helsta vandamálið á þessum kafla er átroðningur utan stíga. Hann er m.a. tilkominn vegna þess að stígurinn er víða mjór og fólk fer út af honum til að mætast. Einnig fer fólk út af stígnum vegna útsýnisstaða eða náttúrufrýrbrigða. Á myndinni hér fyrir aftan er stígurinn sýndur með mismunandi litum eftir mati á forgangsroðun, frá dökkrauðu upp í grænt. Kortið er að finna í fullri stærð í viðauka 2.


ÁSTAND – GRÓFT YFIRLIT:

- **Slitlagsgerð.** Í stígnum er gott slitlagsefni; aðallega sandur og fremur fíngerð mól.
- **Gróðurþekja.** Stígurinn fer um hraun sem er mosavaxið en einnig með mólendisgróðri. Gróðurinn er viðkvæmur fyrir átroðningi og því er farið að sjá verulega á svæðum meðfram stígnum sem hafa orðið fyrir átroðningi.
- **Átroðið svæði.** Víða eru nokkrir samsíða stígar og mikið er um átroðning út fyrir stíginn, einkum þar sem hann er mjóstur en einnig er á vissum stöðum átroðningur utan stígs vegna útsýnisstaða eða vegna náttúrufrýrbrigða, t.d. tjarna eða hraftinnu.
- **Langhalli/þverhalli.** Leiðin er að mestu flöt ef frá er talin fyrsta brekkan upp á hraunið.
- **Framræsla/rof.** Ekki eru rofskemmdir eða framræsluvandamál á þessum kafla.
- **Hraði breytinga.** Líklegt er að hraði breytinga sé mikill á þessum kafla vegna fólksfjöldans sem þarna fer um og viðkvæmrar gróðurþekju.

BRÝNUSTU AÐGERÐIR:

- Setja upp skilti og afmarka stíga við útsýnisstaði og falleg náttúrufrýrbrigði.
- Fjarlægja grjót og breikka stíg þar sem það er hægt.

- Afmarka aðalstig á skýran hátt. Loka villustígum með grjóti (og e.t.v. böndum þar sem grjót dugir ekki).



Mynd 3.3: Kafli 1 – Laugahraun.



Mynd 3.4: Dæmi um góðan kafla í Laugahrauni (Mynd 3263).



Mynd 3.5: Dæmi um slæman kafli í Laugahrauni (Mynd 3256).



Mynd 3.6: Nokkrar leiðir upp á útsýnisstað á hraunbrún (Mynd 3245).



Mynd 3.7: Átroðningur utan aðalstígs að hrafntinnu (Mynd 3260).

3.6 Laugahraun – Brennisteinsalda (66-38)

Til einföldunar er kaflinn sagður vera frá Laugahrauni að Brennisteinsöldu en í raun nær hann spölkorn suður fyrir Brennisteinsöldu, eða að þeim stað þar sem gróður er farinn að minnka og stærstu vatnsrofsvandamálinum lýkur, sjá punkt 38 á myndinni hér fyrir aftan. Á myndinni er stígurinn sýndur með mismunandi litum eftir mati á forgangsröðun, frá dökkrauðu upp í grænt. Kortið er að finna í fullri stærð í viðauka 2.

Almennt má segja um þennan kafla að aðalstígurinn sé ekki í nægilega góðu ásigkomulagi á nokkuð mörgum stöðum. Helstu ástæður þess eru vatnsrofsvandamál, stígurinn er of mjór á köflum og á stöku stað er slitlagið leirblandað.


ÁSTAND – GRÓFT YFIRLIT:

- **Slitlagsgerð.** Í stígunum er að mestu gott slitlagsefni, aðallega sandur og fremur fíngerð mól í bland við líparítmól. Á köflum er slitlagið þó leirblandað og það veldur vandræðum í bleytu.
- **Gróðurþekja.** Stígurinn fer um kafla sem eru vaxnir mosa og mólendisgróðri og síðan líparítmalarkafla sem eru nánast gróðurlausir. Gróðurinn er viðkvæmur fyrir átroðningi.
- **Átroðið svæði.** Almennt er bara um einn stíg að ræða á þessum kafla en á nokkrum afmörkuðum stöðum, einkum í brekkum, þar sem stígurinn er mjór, þar sem efni í stíg er leirblandað eða þar sem rofskemmdir eru eftir stíg eru samsíða stígar eða átroðningur út fyrir stíginn.
- **Langhalli/þverhalli.** Nokkuð er um brattar brekkur en flatir kaflar eru inni á milli. Á stöku stað er mikill þverhalli.
- **Framræsla/rof.** Talsverðar vatnsrofskemmdir eru á þessum kafla.
- **Hraði breytinga.** Líklegt er að hraði breytinga sé nokkur á þessum kafla vegna fólksfjöldans sem þarna fer um, viðkvæmrar gróðurþekju og vatnsrofs.

BRÝNUSTU AÐGERÐIR:

- Fjarlægja grjót og breikka stíg þar sem það er hægt.
- Bæta við steinþrepum í brekkur.
- Afmarka aðalstíg á skýran hátt. Loka villustígum með grjóti (og e.t.v. böndum þar sem grjót dugir ekki).
- Bæta við vatnsrásum þvert á stíg þar sem mestu vatnsrofsvandamálin eru. Á bröttustu köflunum er líklega heppilegast að breyta legu stígsins þannig að langhalli verði minni.

- Bera samlita möl í stíg á leirsvæði.
- Skera stíg inn í brekkur þar sem þverhalli er mikill.



Mynd 3.8: Kafli 2 – Laugahraun – Brennisteinsalda.



Mynd 3.9: Vel heppnaðar aðgerðir til að hindra vatnsrof (Mynd 3287).



Mynd 3.10: Tvöfaldur stígur (Mynd 3652).



Mynd 3.11: Dæmi um góðar tröppur en átroðning utan stígs. Stígur of mjór fyrir mætingar. (Mynd 3330).



Mynd 3.12: Þröngur brattur stígur og rjúkandi hver t.v. (Mynd 3334).



Mynd 3.13: Stígur fer um leirsvæði handan við hverinn (Mynd 3632).



Mynd 3.14: Óljóst er hvar stígurinn liggur (Mynd 3358).



Mynd 3.15: Hart undirlag, mikill þverhalli á stíg (Mynd 3361).



Mynd 3.16: Viðgerð sem ekki nær að stöðva vatnsrof eftir stígunum (Mynd 3386).




Mynd 3.17: Mikið vatnsrof og stígur hefur breikkað verulega (Mynd 3377).

3.7 Brennisteinsalda – Stórihver (38-23)

Til einföldunar er kaflinn sagður vera frá Brennisteinsöldu en í raun hefst hann spölkorn sunnan við Brennisteinsöldu, eða að þeim stað þar sem gróður er farinn að minnka og stærstu vatnsrofsvandamálunum lýkur. Á myndinni hér fyrir aftan er stígurinn sýndur með mismunandi litum eftir mati á forgangsroðun, frá dökkrauðu upp í grænt. Kortið er að finna í fullri stærð í viðauka 2.

Almennt má segja að á þessum kafla sé ástandið nokkuð gott. Tveir staðir á leiðinni ættu að vera í forgangi, annars vegar brött brekka þar sem undirlagið er laust og hins vegar bratt gil sem er nánast ófært.



Mynd 3.18: Kafli 3 – Brennisteinsalda – Stórihver.

ÁSTAND – GRÓFT YFIRLIT:

- **Slitlagsgerð.** Í stígunum er að mestu gott slitlagsefni, aðallega sandur og fremur fíngerð mól í bland við líparítmöl. Á köflum er slitlagið þó leirblandað og það veldur vandræðum í bleytu.
- **Gróðurþekja.** Á þessum kafla fer stígurinn að mestu um gróðurlitla mela.
- **Átroðið svæði.** Almennt er bara um einn stíg að ræða á þessum kafla en á nokkrum afmörkuðum stöðum, einkum í brekkum eða þar sem efni í stíg er leirblandað, eru samsíða stígar og átroðningur út fyrir stígin.
- **Langhalli/þverhalli.** Nokkrar brekkur eru á þessum kafla. Á stöku stað er mikill þverhalli.
- **Framræsla/rof.** Engar verulegar rofskemmdir eru á þessum kafla.
- **Hraði breytinga.** Líklegt er að hraði breytinga sé ekki mjög mikill á þessum kafla, einkum vegna þess að fólksfjöldinn er minni en nær Landmannalaugum og vegna þess að stígurinn fer um gróðurlitla mela. Breytingar hér má a.m.k. á einum stað rekja til minnkandi snjóþekju.

BRÝNUSTU AÐGERÐIR:

- Bæta við steinþrepum í eina brekku.
- Færa stíg framhjá bröttu gili.
- Bera samlita möl í stíg á leirsvæði.



Mynd 3.19: Leirkennt efni í stíg (Mynd 3410).



Mynd 3.20: Brekka með lausu efni (Mynd 3407).



Mynd 3.21: Ófært gil (Mynd 3424).



Mynd 3.22: Hveradalur t.h. og aðalstígur uppi á hæðinni t.v. við dalinn (Mynd 3448).



Mynd 3.23: Skilti með vegalengdum en ekki kemur fram að þetta sé Laugavegurinn (Mynd 3469).



Mynd 3.24: Stórihver. Merkja þarf þarf leið að honum (Mynd 3616).



Mynd 3.25: Tvöfaldur stígur í brekku með lausu blönduðu efni (Mynd 3472).

3.8 Stórihver – Hrafninnusker (23-19)


Almennt má segja að ástandið á þessum kafla sé gott. Aðeins á örfáum stöðum hafa myndast tveir samsíða stígar sem auðvelt er að lagfæra. Á myndinni hér fyrir aftan er stígurinn sýndur með mismunandi litum eftir mati á forgangsröðun, frá dökkrauðu upp í grænt. Kortið er að finna í fullri stærð í viðauka 2.

ÁSTAND – GRÓFT YFIRLIT:

- **Slitlagsgerð.** Í stígunum er að mestu gott slitlagsefni, sandur og fremur fingerð mól í bland við hrafninnu og líparítmól.
- **Gróðurþekja.** Á þessum kafla fer stígurinn að mestu um gróðurlitla mela.
- **Átroðið svæði.** Almennt er bara um einn stíg að ræða á þessum kafla en á nokkrum afmörkuðum stöðum eru samsíða stígar og átroðningur út fyrir stíginn.
- **Langhalli/þverhalli.** Engar brattar brekkur eru á þessari leið og þverhalli er lítill á stígunum.
- **Framræsla/rof.** Engar verulegar rofskemmdir eru á þessum kafla.
- **Hraði breytinga.** Líklegt er að hraði breytinga sé ekki mjög mikill á þessum kafla, einkum vegna þess að fólksfjöldinn er minni en nær Landmannalaugum og vegna þess að stígurinn fer um gróðurlitla mela.

BRÝNUSTU AÐGERÐIR:


- Loka villustígum með grjóti og afmarka og merkja betur aðalstíginn.



Mynd 3.26: Kaflar 4 og 5. Kafli 4 nær frá Stórahver að Hrafninnuskeri.



Mynd 3.27: Dæmi um tvöfaldan stíg (Mynd 3477).



Mynd 3.28: Dæmi um góðan kafla (Mynd 3609).

3.9 Hrafninnusker – mörk friðlands (19-14)

Almennt má segja að ástandið á þessum kafla sé nokkuð gott. Stór hluti leiðarinnar er um skorninga sem eru breytilegir og stígurinn ekki nægilega vel afmarkaður. Ein erfið brekka er á leiðinni og á einum stað er leirkennt efni. Á myndinni hér fyrir aftan er stígurinn sýndur með mismunandi litum eftir mati á forgangsröðun, frá dökkrauðu upp í grænt. Kortið er að finna í fullri stærð í viðauka 2.


ÁSTAND – GRÓFT YFIRLIT:

- **Slitlagserð.** Í stígnum er að mestu gott slitlagsefni, sandur og fremur fingerð mól í bland við gjósku og líparít. Efnið reyndar dálítið laust í sér og getur verið erfitt yfirferðar í bröttu landslagi.
- **Gróðurþekja.** Á þessum kafla fer stígurinn að mestu um gróðurlitla mela.
- **Átroðið svæði.** Almennt er bara um einn stíg að ræða á þessum kafla en á nokkrum stöðum, einkum í skorningunum við Hrafninnusker, er óljóst hvar aðalstígurinn er og þar er því átroðningur út fyrir stígin.
- **Langhalli/þverhalli.** Auk skorninganna næst Hrafninnuskeri er ein brött brekka á þessari leið. Þverhalli er nokkur í skorningunum og einnig á einum kafla nálægt friðlandsmörkum.
- **Framræsla/rof.** Engar verulegar rofskemmdir eru á þessum kafla en ummerki vorleysingar eru áberandi í skorningunum.
- **Hraði breytinga.** Líklegt er að hraði breytinga sé til langs tíma ekki mikill. Breytingar virðast hins vegar verða á stígnum árlega og stígurinn hverfur líklega á köflum á hverjum vetri. Áhrif breytinganna eru hins vegar ekki mjög alvarleg vegna þess einmitt að ummerki átroðnings hverfa að nokkru leyti á veturnum. Dreifður átroðningur getur hins vegar haft neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna.

BRÝNUSTU AÐGERÐIR:

- Afmarka og merkja betur aðalstígin.


- Setja steinþrep í bröttustu brekkuna.
- Bera samhlita möl í stíg á leirsvæði.



Mynd 3.29: Kafflar 4 og 5. Kaffli 5 nær frá Hrafninnuskæri að mörkum friðlands.



Mynd 3.30: Óljóst hvar aðalstígurinn er (Mynd 3520).



Mynd 3.31: Dæmi um góðan kafla (Mynd 3523).



Mynd 3.32: Dæmigert efni á kafla 5, blanda af fíngerðri mól, gjósku, sandi og e.t.v. silti. (Mynd 3536).



Mynd 3.33: Brött brekka og þykkt lag af lausu efni (Mynd 3543).



Mynd 3.34: Leirkernt efni í stíg (Mynd 3563).



Mynd 3.35: Tvöfaldur stígur í Þverhalla (Mynd 3583).

Heimildir

Deutscher Alpenverein & Oesterreichischer Alpenverein 2011. Wegehandbuch der Alpenvereine. Deutscher Alpenverein e.V., Bundesgeschäftsstelle, Von-Kahr-Str. 2-4, 80997 München og Oesterreichischer Alpenverein, Olympiastraße 37, 6020 Innsbruck, 205 bls.

Ferðafélag Íslands 2014. Laugavegurinn. Vefsíða, <http://www.fi.is/gonguleidir/laugavegurinn/>, 31.7.2014.

Háskólinn á Hólum 2014. GÖL1606120 Gönguferðir, leiðsögn og stígagerð. Vefsíða, <https://ugla.holar.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=84016220150> og http://www.holar.is/urd_og_grjot_og_stigar, 30.7.2014.

Rannveig Ólafsdóttir og Micael C. Runnström 2013. Assessing hiking trails condition in two popular tourist destinations in the Icelandic highlands. Journal of Outdoor Recreation and Tourism, 3-4 hefti, bls. 57–67.

Scottish Natural Heritage 2014. Upland Path Management. Standards for delivering path projects in Scotland's mountains. Vefsíða, <http://www.snh.org.uk/uplandpathmanagement/>, 6.8.2104.

Stjórnartíðindi 1979. Auglýsing um friðland að Fjallabaki. Vefsíða, http://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/fjallabak_354_1979.pdf, 30.7.2014.

Umhverfisstofnun 2009. Friðland að Fjallabaki. Vefsíða, http://www.ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Baeklingar/Fjallabak_IS.pdf, 30.7.2014.

Umhverfisstofnun 2014a. Rauði listinn - svæði í hættu. Yfirlit til umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Vefsíða, http://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Skyrslur/raudi_listinn_2014.pdf, 30.7.2014.

Umhverfisstofnun 2014b. Friðland að Fjallabaki. Vefsíða, <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudurland/fridland-ad-fjallabaki/>, 31.7.2014.

Umhverfisstofnun 2014c. Iceland Conservation Volunteers (ICV). Vefsíða, <http://ust.is/the-environment-agency-of-iceland/volunteers/> og <http://www.ust.is/einstaklingar/frettir/frett/2012/06/12/Sjalfbodolidar-i-natturuvernd-a-Holum/>, 6.8.2014.

VIÐAUKAR

VIÐAUKI 1 – ÚTTEKT Á LAUGAVEGINUM Í FRÍÐLANDI AÐ FJALLABAKI

VIÐAUKI 2 - KORT

VIÐAUKI 1

Úttekt á Laugaveginum í friðlandi að Fjallabaki

Tafla

LYSING							HELSTU STÆRÐIR						ASTANDSMAT				AÐGERÐIR			
